



## Hempel olíuhreinsir

### Vörunr. 9933

#### **Lýsing**

Hempel olíuhreinsir (9933) er afar öflugt hreinsiefni á fitur og olíur. Hann losar um óhreinindi, olíu, tjöru og fitu. Hreinsirinn er byggður á arómatískum kolvetnum, glýkóleter leysi, sápuefnum og vatni.

#### **Notkun**

Hempel olíuhreinsir (9933) er notaður til þess að fjarlægja óhreinindi, olíu, tjöru og fitu af flötum áður en er málað. Hann hentar vel til að hreinsa mjög olíumenguð yfirborð, svo sem við sjólinu á skipum, á þilföllum, gólfum, vélum, þökum o.fl.

#### **Tæknilegar upplýsingar**

<b>Litir:</b> Glær	<b>Þynnir:</b> Vatn
<b>Pakkningar:</b> 4 og 20 lítra	<b>Áhaldahreinsir:</b> Vatn
<b>Eðlisþyngd:</b> 0,9 kg/l	

#### **Áhöld**

Kústur eða lágþrýstisprauta.

## Vinnutilhögun


Nota má hreinsinn óþynntan og allt upp í 50 % þynntan með hreinu vatni. Styrkurinn fer eftir magni óhreininda og gerð flatarins. Sé flöturinn viðkvæmur fyrir sterkum efnum og eigi ekki að endurmálast skal þynna allt að 1:20. Berið á með kústi eða lágþrýstisprautu. Látið standa á fletinum í 15-60 mín. Samtímis má fara yfir flötinn með stífum kústi. Síðan skal skola flötinn vel með vatni. Ráðlegt er að bursta flötinn um leið með stífum kústi. Flöturinn er hreinn ef skolvatnið perlar ekki á honum. Ef skolvatnið perlar enn á fletinum skal endurtaka hreinsun.

## Athugasemdir

- Hempel olíuhreinsir (9933) inniheldur sterk upplausnarefni, því skal þynna vel sé verið að hreinsa viðkvæma fleti, sem ekki á að endurmála.
- Nauðsynlegt er að skola vandlega eftir hreinsun. Sé það ekki gert getur setið eftir á fletinum himna, sem hindrar góða viðloðun málningar og getur tafið fyrir þurrki.
- Hreinsirinn má ekki liggja á fletinum lengur en 2 klst.
- Sýrustig af óþynntu efni er pH 9-10.

## Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur alkylbensen C<sub>9</sub>-C<sub>10</sub>.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Ertir augu, öndunarfæri og húð. Varist snertingu við húð og augu. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.